

Sp.

549. Tillaga til þingsályktunar

[204. mál]

um raforkuvinnslu og skipulag orkumála.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Pétur Sigurðsson,
Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Sigurlaug Bjarnadóttir,
Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar, að meginmarkmið í raforkuvinnslu sé að sjá landsmönnum fyrir nægilegri og öruggri orku á sem lægstu verði og að sjá atvinnulífi landsmanna fyrir þeirri orku, sem talin er nauðsynleg á hverjum tíma til að viðhalda hér traustu efnahagslífi.

Til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu orkuvera í landinu og jafnframt heppilegt skipulag meginraforkuvinnslu er nauðsynlegt að koma á sem bestri samvinnu þeirra aðila í þjóðfélaginu, sem hafa mesta tækniþekkingu í hönnun, byggingu og rekstri stórvirkjana í landinu (Landsvirkjunar), hafa mesta möguleika til fjármagnsútvegunar (ríkisstjórn, Landsvirkjun) og hafa mesta staðarþekkingu og tengsl við íbúana í þeim landshlutum, þar semi virkja þarf (sveitarfélög og samtök þeirra, dreifiveitur og virkjanir í landshlutum).

Af því tilefni ályktar Alþingi að rétt sé að stefna að því að stofna hið allra fyrsta tvö virkjunarfyrirtæki í þeim landshlutum þar sem ný orkuver eru í undirbúningi utan Landsvirkjunarsvæðisins. Skal annað vera á Norðurlandi og hitt á Austurlandi.

Þessum fyrirtækjum verði tryggð tækniþekking og fjármagn. Jafnframt verði áhrif og þátttaka heimamanna í stjórn þeirra tryggð. Undirbúningi fyrirtækjanna verði hagað sem hér segir:

Norðurlandsvirkjun.

Stofnuð verði 7 manna nefnd til að kanna möguleika á stofnun virkjunarfyrirtækis á Norðurlandi. Nefndin verði þannig skipuð, að Fjórðungssamband sveitarfélaga á Norðurlandi skipi einn mann, Laxárvirkjun einn, Landsvirkjun einn, en fjórir skulu kosnir af Alþingi. Iðnaðarráðherra skipi formann nefndarinnar og skapi henni starfsaðstöðu.

Nefndin kanni sérstaklega eftirfarandi: Landfræðileg mörk fyrirtækisins og orkuöflunarkosti á Norðurlandi. Þátttöku sveitarfélaga, samtaka þeirra, dreifiveitna og virkjunarfyrirtækja á Norðurlandi í hinu nýja fyrirtæki. Samstarf við aðra virkjunar-

aðila. Möguleika fyrirtækisins til að afla sér tækniþekkingar og fjármagns, t. d. með þátttöku Landsvirkjunar í fyrirtækinu. Leiði störf nefndarinnar til jákvæðrar niðurstöðu skal hún gera tillögur um eignaraðild, stjórnun og innri uppbyggingu fyrirtækisins.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og mögulegt er og skila álitni eigi síðar en í lok þessa árs. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Austurlandsvirkjun.

Stofnuð verði sjö manna nefnd til að kanna möguleika á stofnun virkjunarfyrirtækis á Austurlandi. Nefndin verði þannig skipuð, að Samband sveitarfélaga á Austurlandi skipi einn mann, Rafmagnsveitur ríkisins einn mann, Landsvirkjun einn mann, en fjórir verði kjörnir af Alþingi. Iðnaðarráðherra skipi formann nefndarinnar og skapi henni starfsaðstöðu.

Nefndin kanni sérstaklega eftirfarandi: Landfræðileg mörk fyrirtækisins og orkuöflunarkosti á Austurlandi. Þátttöku sveitarfélaga og samtaka þeirra í fyrirtækinu. Þátttöku ríkisins vegna virkjana Rafmagnsveitna ríkisins á svæðinu. Möguleika fyrirtækisins til að afla sér tækniþekkingar og fjármagns, t. d. með þátttöku Landsvirkjunar. Leiði störf nefndarinnar til jákvæðrar niðurstöðu skal hún gera tillögur um eignaraðild, stjórnun og innri uppbyggingu fyrirtækisins.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og mögulegt er og skila álitni eigi síðar en í lok þessa árs. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Skipulag meginraforkuvinnslunnar í landinu hefur verið mikið til umræðu undanfarin ár. Komið hafa fram ítarlegar tillögur um að eitt fyrirtæki, eins konar ný Landsvirkjun, hefði með höndum alla meginraforkuvinnslu í landinu. Voru settar fram á s. l. ári tillögur um fyrsta skref í þessa átt, þ. e. að Landsvirkjun og Laxárvirkjun skyldu sameinast og jafnframt yfirtaka allt 132 kv. stofnlínu í landinu.

Tillögur þessar sættu mikilli mótspyrnu, enda var í þeim gert ráð fyrir mikilli miðstýringu þessara mála. Aðeins eitt fyrirtæki átti að annast alla meginraforkuvinnslu í landinu og stjórnaraðild heimamanna í virkjununum í sínum landshlutum var útilokuð.

Þessari þingsályktunartillögu er ætlað að miðla málum milli þeirra sjónarmiða, sem helst hafa vegist á þegar rætt er um skipulag orkumála.

Enginn vafi er á því, að Landsvirkjun býr yfir mestri reynslu og þekkingu í hönnun, byggingu og rekstri meiri háttar orkuvera og er tæknilega og fjárhagslega öflugt fyrirtæki. Þátttaka Landsvirkjunar í stofnun nýrra orkuöflunarvirkja á Norðurlandi og Austurlandi mundi því verða þeim mikill styrkur og tryggja rekstrargrundvöll þeirra.

Fyrir eru í landshlutunum smærri virkjanir, sem mjög er æskilegt að geti gengið til samstarfs við ný virkjunarfyrirtæki í landshlutunum. Má þar nefna Laxárvirkjun. Skeiðsfossvirkjun og virkjanir Rafmagnsveitna ríkisins á Norðurlandi og Austurlandi.

Samstarf við heimamenn í þeim landshlutum, þar sem virkja þarf, er mögulegt með því að sveitarfélög eða samtök þeirra taki þátt í virkjunarfyrirtækjunum. Enn fremur gætu dreifiveitur raforku og hitaorku gerst eignaraðilar að virkjunarfyrirtækjunum.

Með því að stofna slík virkjunarfyrirtæki í landshlutunum með samstarfi og þátttöku ofangreindra aðila má tryggja allt það, sem æskilegt er talið í slíku fyrirtæki, þ. e. fjármagn, tækniþekkingu og reynslu, staðarþekkingu og stjórnunaraðild heimamanna.

Skammt er nú í það að allt raforkukerfi landsmanna verði samtengt. Með því hafa skapast möguleikar á því að landshlutarnir sjái hver öðrum fyrir rafmagnni eftir því sem aðstæður leyfa. Samhæfingu og samræmingu á rekstri og byggingu orkuvera þarf að sjálfsögðu að koma fyrir. Samhæfing í rekstri færi best í höndum Lands-

virðjunar í upphafi, en síðar með formlegri samvinnu virðjunarfyrirtækjanna. Eðlilegt er að ákvörðun um röð virðjunarframkvæmda verði áfram í höndum Alþingis og iðnaðarráðherra.

Þegar rætt er um virðjunarfyrirtæki í landshlutunum verður að hafa í huga að orkumál hafa þróast þar sitt með hverjum hætti og aðstæður eru ólíkar.

Hér fer á eftir lýsing á því í stórum dráttum, hvernig orkumál hafa þróast og hvernig útlitið er í hverjum landshluta fyrir sig.

1. Suðurland.

Raforkuöflun fyrir Suðurland er nú að öllu leyti í höndum Landsvirðjunar. Með Suðurlandi er þá átt við Suðurlandskjördæmi, þótt Vestur-Skaftafellssýsla geti með vissum rökum talist með Austurlandi í þessu tilliti.

Dreifing raforku er í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og rafveitna fjögurra sveitarfélaga, sem hafa mjög náið samband sín á milli.

Ekki virðist þörf skipulagsbreytinga varðandi raforkuöflun í þessum landshluta, en þó kemur eignaraðild að Landsvirðjun mjög til greina. Dreifingu raforku mætti hins vegar hugsa sér í höndum einnar dreifiveitu.

2. Suðurnes.

Orkuþörf á Suðurnesjum hefur á undanförunum áratugum verið fullnægt með tengingu við raforkukerfi Landsvirðjunar.

Dreifing og sala raforku er í höndum rafveitna sveitarfélaga, svo og Rafmagnsveitna ríkisins — en samkvæmt sérstökum samningi milli ríkisstjórnar Íslands og varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli annast Rafmagnsveiturnar raforkusölu til varnarliðsins. Nefnd, skipuð af iðnaðarráðherra árið 1976, hefur fjallað um endurskipulagningu raforkudreifingar í Reykjaneskjördæmi, en ekki skilað álit.

Með tilkomu Hitaveitu Suðurnesja hafa orkumál þessa landshluta tekið miklum stakkaskiptum. Allar líkur benda nú til, að leysa megi orkuþörf Suðurnesja að verulegu leyti með skynsamlegri nýtingu jarðvarma, bæði til hitunar og raforkuframleiðslu. Hitaveita Suðurnesja hefur nú fengið lagaheimild til að koma upp 8 mw raforkuveri og í athugun er nú stækkun þess.

Skipulagning orkumála á Suðurnesjum hefur nú mótast á þann veg, að fyrirhuguð er sameining allra rafveitna á svæðinu. Er þá og hafður í huga sá möguleiki, að sameinaðar dreifiveitur raforku gætu gerst aðilar að Hitaveitu Suðurnesja, þannig að úr gæti orðið eins konar orkubú á Suðurnesjum. Að þessu er nú unnið af hálfu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í samvinnu við Samband íslenskra rafveitna. Virðist þetta geta orðið æskilegt skipulag í þessum landshluta.

3. Höfuðborgarsvæðið.

Rafmagnsveita Reykjavíkur, Sogsvirðjun og síðar Landsvirðjun hafa annast orkuvinnslu fyrir þennan landshluta, en dreifing raforku er nú í höndum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar.

Með höfuðborgarsvæðinu er átt við orkuveitusvæði þessara tveggja dreifiveitna, sem falla nokkurn veginn saman við sveitarfélögin Reykjavík, Seltjarnarnes, Kjalar-neshrepp, Mosfellshrepp, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð.

Orkuöflun, bæði raforku og hitaveitu, fyrir þennan landshluta, er í höndum öflugra fyrirtækja. Sama gildir um dreifiveitur sveita, sem hafa sín á milli gott samstarf og tryggja fullnægjandi þjónustu. Skipulag raforkumála í þessum landshlutum virðist því fullnægjandi.

4. Vesturland.

Raforkuöflun innan þessa landshluta er og verður tiltölulega lítil, og verður því að afla meginhluta raforkunnar með kaupum frá virðjunum utan landshlutans. Stofnun Vesturlandsvirðjunar, með Andakílsárvirðjun og nýja virðjun við Kljáfoss í

Hvítá sem kjarna, hefur að vísu verið rædd og lagafrumvarp um slíkt fyrirtæki samþykkt. Er þar gert ráð fyrir að ríkið ásamt sýslu- og sveitarfélögum verði eignaraðilar.

Hvort sem af stofnun Vesturlandsvirkjunar verður eða ekki, verður Vesturland að treysta í verulegum mæli á orkuöflun virkjunarfyrirtækja í öðrum landshlutum.

Raforkudreifing er nú í höndum Rafmagnsveitna ríkisins, svo og Rafveitu Borgarness og Rafveitu Akraness. Frumvarp til laga um nýskipan raforkudreifingar hefur verið samið, en þar er Akraneskaupstaður ekki þátttakandi. Sérstök nefnd, skipuð af iðnaðarráðherra árið 1976, fjallaði um raforkumál Vesturlands í heild og gerði tillög, er leiddi til framangreindra lagafrumvarpa.

5. Vestfirðir.

Orkubú Vestfjarða annast nú raforkuöfun fyrir Vestfjarðakjördæmi með eigin orkuvinnslu, en mun í framtíðinni auk þess ætla sér að treysta á orkukaup frá stofnlínukerfi landsins, þegar Vestfjarðalína hefur verið tengd, enda takmarkaðir möguleikar á verulegri virkjun vatnsafls í þessum landshluta.

Orkubú Vestfjarða annast einnig raforkudreifingu í kjördæminu öllu, þótt landfræðileg rök hnígi að því, að suðausturhluti þess sé í eðlilegra sambandi við Vesturland eða Norðurland vestra.

Loks annast Orkubúið einnig byggingu og rekstur hitaveitna á Vestfjörðum og er því eina alhliða landshlutaorkuveita landsins fram til þessa.

Skipulag raforkumála í þessum landsfjórðungi er því í föstum skorðum og ekki ástæða til að gera tillögur um breytingar á því.

6. Norðurland.

Þótt líta megi á Norðurland sem tvískipt orkuveitusvæði, sem þá félli að kjördæmunum Norðurlandi vestra og eystra, er hér litið á það sem einn landshluta að því er orkuöflun varðar.

Ljóst er, að Norðurland býr yfir umtalsverðu óvirkjuðu vatnsafla til viðbótar því, sem sveitarfélög, ríkið og sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga (Laxárvirkjun) hafa þegar virkjað. Núverandi raforkuver anna þó engan veginn orkuþörf í þessum landshluta og í ljósi þeirrar óvissu, sem ríkir um orkuvinnslu Kröfluvirkjunar og frekari nýtingu Laxár til orkuvinnslu, hlýtur að teljast æskilegt að gera verulegt átak í virkjunarmálum á Norðurlandi.

Iðnaðarráðherra skipaði árið 1975 nefnd til að athuga möguleika á stofnun sérstaks fyrirtækis um orkuöflun fyrir Norðurland. Sú tilraun, sem þannig var gerð til stofnunar Norðurlandsvirkjunar, með Laxárvirkjun og hugsanlega Kröfluvirkjun sem upphaflegan kjarna, hefur ekki orðið að veruleika. Hér þarf því nýtt átak til að koma, ef nýta skal óvirkjað vatnsafl í þessum landshluta.

Dreifing raforku á Norðurlandi er í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og rafveitna fjögurra sveitarfélaga, sem starfa algerlega sjálfstætt, enda fjarlægðir milli þeirra allmiklar. Ekki hefur verið gerð tilraun með sérstakri nefndarskipun til að gera tillögur um breytt skipulag raforkudreifingar á Norðurlandi.

7. Austurland.

Undanfarna áratugi hefur raforkuöflun og dreifing verið að öllu leyti í höndum Rafmagnsveitna ríkisins, ef frá er talin ein rafveita sveitarfélags. Orkuþörf Austurlands hefur engan veginn verið fullnægt með orkuverum innan landshlutans, heldur hefur lausnin falist í tengingu við stofnlínukerfið um Austurlínu.

Sérstök nefnd, sem iðnaðarráðherra skipaði árið 1975 til könnunar á stofnun sérstaks fyrirtækis til orkuöflunar fyrir Austurland, lagði til að ríkið annaðist þetta hlutverk áfram, en sveitarfélög á Austurlandi fengju aukin stjórnaráhrif.

Vitað er, að á Austurlandi er gífurlegt óvirkjað vatnsafl, og hlýtur að þurfa að gera sérstakt átak til virkjunar þess.

